

Söfnun á landbúnaðarplasti til endurvinnslu

LEIÐBEININGAR





Plastsöfnun

Terra er viðurkenndur þjónustuaðili
Úrvinnslusjóðs við söfnun á landbúnaðarplasti.



Nokkur atriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga við söfnunina:

Landbúnaðarplast - frágangur

Best er að ganga frá landbúnaðarplasti um leið og það fellur til við gegningar og hrista úr því hey og önnur óhreinindi. Hreint landbúnaðarplast (annað en svart plast) má vera laust eða baggað.

Það má ekki setja landbúnaðarplast inn í stórsekki. Það er mjög áriðandi að plastið sé hreint og laust við aðskotahluti.

Net, stórsekkir, svart plast og bönd mega alls ekki vera í förmunum. Svörtu landbúnaðarplasti má ekki skila lausu. Ef um svart landbúnaðarplast er að ræða þá verður að halda því sér og bagga sér, þá er hægt að taka það með öðru landbúnaðarplasti. Ástæðan er sú að við getum ekki afsett svarta plastið með sama hætti og annað landbúnaðarplast og því þarf að halda því aðskildu í söfnun.

Mikilvægt er að aðgengi að bæjunum sé gott, og ekki síður að þeim stað sem plastinu er safnað saman.


Við minnum á að samvinna er lykilatriði. Við munum gera okkar besta til að láta vita þegar söfnun á sér stað þannig að bændur geti undirbúið söfnunina og einnig verið á staðnum og aðstoðað bílstjóra eftir þörfum. Þá er einnig farið yfir með bóndanum hvort rétt sé staðið að söfnun og frágangi á plastinu.

Við áskiljum okkur rétt á að skilja plastið eftir, sé ekki rétt gengið frá því eða það rétt flokkað!



Söfnun

Gott er að safna plastinu í ker eða grindur og vera búinn að leggja bönd undir. Fergja síðan plastið til að minnka rúmmálið sem mest. Þegar karið/grindin eru full er fargið fjarlæggt, bundið yfir og baggi er tilbúinn.



Áriðandi er að leggja tvö bönd í tómt karið. Þau eru síðan notuð til þess að binda baggann saman.



Ýmsar aðferðir má nota til þess að fergja, en það er nauðsynlegt til þess að minnka umfang baggans. Hér að ofan má sjá dæmi um gott farg.

Bönd og net **má alls ekki** setja með landbúnaðarplasti. Ef plastið er ekki hreint þarf að urða það með tilheyrandi kostnaði.

Ekki má setja landbúnaðarplast í stórsekki.



Stórsekkir

- Hafa stórsekkina eins hreina og unnt er, fjarlægja óhreinindi og leifar af áburði.
- Binda sekkina saman á eyrunum.
- Ekki þarf að fjarlægja plastpoka ef hann er til staðar innan í stórsekknum.
- Tökum stórsekki með í söfnun á landbúnaðarplasti.
- Við mælumst til þess að bændur skili stórsekkjum í fyrstu söfnun síðsumars

Hirðing - Endurvinnsla

Plastinu er hlaðið er sérstakan söfnunarbíl sem pressar það saman. Í móttökustöðvum okkar er plastið flokkað frá og pressað í 4-500 kg. bagga og síðan flutt erlendis til endurvinnslu. Tíðni safnana er oft ákveðin í samvinnu við sveitarfélögin og verður áhersla lögð á góða þjónustu.



Allt landbúnaðarplast sem er vel flokkað fer til endurvinnslu. Plastið er að hluta endurunnið á Íslandi og að hluta flutt erlendis til endurvinnslu.



Hleðsla í gáma til útflutnings.



Útflutningsvara.

- Gott samstarf við bændur er lykilatriði til þess að vel takist til.
- Starfsmenn okkar munu gefa bændum góð ráð varðandi söfnunina.
- Vinnum vel saman og minnkum urðun endurvinnsluefna.
- Bönd og net **mega ekki fara með landbúnaðarplasti í endurvinnslu.**

Alhliða þjónusta

Auk hefðbundinnar plastsöfnunar getum við boðið ýmsar sérlausnir þeim aðilum sem þurfa að losna við mikið magn. Þar er um að ræða ýmsar stærðir og gerðir af gámum og kerjum.

Nánari upplýsingar á terra.is

Getum einnig útvegað baggapressur til að minnka rúmmál plastsins. Auk alls þessa bjóðum við upp á alhliða þjónustu á sviði sorphirðu, flutninga og endurvinnslu.

Skiljum ekkert eftir



Seljum handhægar pokagrindur.



Eigum einfaldar pressur til sölu eða leigu. 3–30 tonna.

